

Nd.

## **72. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir þau eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavigslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. En gjalda skal honum ferðakostnað, er til kemur, samkvæmt lögum (sbr. 6. gr. l. 19. febr. 1886).